

Golfklúbburinn Oddur
Aðalfundur 2015, þriðjudaginn 8. desember

Þriðjudaginn 8. desember 2015 var aðalfundur golfklúbbsins Odds haldinn í golfskálanum Urriðavelli. Fundurinn hófst kl. 20:00

Ingi Þór Hermannsson formaður bauð fundargesti velkomna og setti fundinn.

1. Kosning fundastjóra og fundarritara

Formaður félagsins gerði tillögu um að Haukur Örn Birgisson yrði kjörinn fundarstjóri og Sigríður Logadóttir fundarritari.

Haukur Örn Birgisson tók við stjórn fundarins og lýsti fundinn lögmaetan. Samkvæmt 16. gr. laga klúbbsins skal auglýsa aðalfund með viku fyrirvara á heimasíðu félagsins, með tölvubréfi og með auglýsingu í dagblaði. Sent var út tölvubréf til félagsmanna þann 25. nóvember s.l. þar sem fundurinn var auglýstur jafnframt því að fundurinn var auglýstur á heimasíðu félagsins. Fundurinn var einnig auglýstur í Fréttablaðinu, laugardaginn 28. nóvember s.l.

2. Skýrsla stjórnar um störf og framkvæmdir á liðnu ári

Ingi Þór Hermannsson, formaður klúbbsins fór yfir skýrslu stjórnar.

Á aðalfundi 2014 voru kjörin í stjórn Ingi Þór Hermannson, formaður, Guðmundína Ragnarsdóttir, varaformaður og Þorvaldur Þorsteinsson gjaldkeri. Fyrir í stjórninni sátu Ágústa Arna Grétarsdóttir, ritari og Svarvar Geir Svavarsson meðstjórnandi. Einar Geir Jónsson var kjörinn varamaður. Ingi Þór greindi frá því að síðasta vor hafi þær breytingar orðið á stjórn klúbbsins að Þorvaldur gekk úr henni er hann tók við starfi framkvæmdastjóra er Emil Emilsson hætti störfum í vor. Einar Geir tók í kjölfarið við gjaldkerastörfum. Stjórnin hélt 13 bókaða stjórnarfundi á árinu. Sigurður Ingi Halldórsson sat stjórnarfundi sem áheyrnarfulltrúi samkvæmt samningi við landeigendur og starfaði Þorvaldur Ólafsson einnig með stjórninni.

Þá greindi Ingi Þór frá því að fleiri breytingar hafi orðið á starfsliði klúbbsins en Erna Flygering léti af störfum og bauð hann í hennar stað Jón Július Karlsson velkominn til starfa. Færði Ingi Þór þeim Emil og Ernu bestu þakkir fyrir störf klúbbsins á undanförnum árum. Engar frekari breytingar urðu í röðum starfsmanna vallarins. Ingi Þór færði starfsfólk klúbbsins þakkir stjórnar fyrir ötult og metnaðarfullt starf.

Þetta sumarið var veðrið með klúbbnum í liði þó það hafi farið rólega af stað. Opnað var inn á sumarflatir 16. maí og var völlurinn opinn til 22. október.

Skráðir félagsmenn í Oddi voru í lok starfsársins 1.202 og hafði því fjölgangið um 62 frá fyrra ári. Af þessum fjölda eru 1.097 með fulla félagsaðild en 105 félagar með Ljúflingsaðild. Bókaðir hrингir félagsmanna voru einnig töluvert fleiri á þessu ári en því síðasta eða 23.506 á móts við 22.718 í fyrra. Þá var Inga Þór ánægja að greina frá því að Oddur er með hlutfallslega flestar konur í samanburði við aðra golfklúbba eða rúmlega 41% félagsmanna.

Ingi Þór sagði tölur ekki segja allt heldur sé áherslan í Oddi að maður er manns gaman. Áherslur stjórnar á liðnu starfsári hafi því verið að efla félagsandann og í því skyni gert átak í að miðla upplýsingum um starfsemi klúbbsins til félagsmanna. Ný heimasíða var tekin í notkun á árinu og rafræn fréttabréf send út a.m.k. vikulega til 90% félagsmanna auk þess sem

fréttir birtast á fébókarsíðu klúbbsins. Þá voru fræðslufundir og reglunámskeið haldin eins og undanfarin ár.

Ingi Þór greindi frá að því miður hefði klúbburinn ekki lengur afnot af inniaðstöðunni í Kauptúni og ekki hafi enn tekist að finna annað húsnæði til vetrarstarfsins sem hæfir fjárhag klúbbsins. Það verkefni biði nýrrar stjórnar og framkvæmdastjóra að leysa.

Einn stærsti viðburðurinn í starfi klúbbsins, meistaramótið, var haldið í fyrri hluta júlí. Mjög góð þátttaka var en 271 kylfingar skráðu sig til leiks í 22 flokkum. Klúbbmeistarar urðu þau Andrea Ásgrímsdóttir og Rögnvaldur Magnússon. Þá var holukeppni haldin öðru sinni og var holumeistarinn í ár Elín Hrönn Ólafsdóttir. Ingi Þór vakti athygli á skýrslu mótanefndar sem finna má í árskýrslu klúbbsins, en nefndin sem ávallt hefur gleði og gaman að leiðarljósi bryddaði upp á ýmsum nýjungum við móti sumarsins.

Ingi Þór greindi frá íþróttastarfi klúbbsins og að áhersla hefði verið lögð á það að efla barna- og unglingsstarf og að reka öfluga fjölskyldustefnu. Veittur er systkinaafsláttur og klúbburinn stendur fyrir barna- og unglanganámskeiðum. Innifalið í námskeiðunum er Ljúflingsaðild að klúbbnum og með því verða krakkarnir félagar í Oddi. Með þessu er vonast til að hluti þeirra verði meðlimir í klúbbnum til framtíðar.

Æfingar keppnissveita voru með svipuðu sniði og undanfarin ár og er afrekssveit eldri karla stolt klúbbsins sem hafnaði í þriðja sæti í efstu deild. Þá átti klúbburinn einn keppanda, Ottó Axel Bjartmarz á Íslandsmeistaramóti ársins sem haldið var uppi á Skaga. Hann stóð sig vel, endaði í 32. sæti af þeim sem komust í gegnum niðurskurð.

Framkvæmdir við völlinn voru margvíslegar þetta árið. Breytingar voru gerðar á teigmerkingum. Litamerkingar voru fjarlægðar og þess í stað eru teigar merktir með lengd vallar af viðkomandi teig. Þannig er reynt að útryma karla- og kvennateigum og áherslan í stað þess lögð á að kylfingar velji sér teig við hæfi. Þessi breyting hefur mælst vel fyrir.

Helmingur bolta á æfingasvæði var endurnýjaður með stuðningi frá Borgun og Samsung en gert er ráð fyrir að ljúka endurnýjun þeirra á næsta ári.

Ingi Þór fjallaði um þau óvenju stóru verkefni sem biðu starfsmanna í vor vegna mikilla efnisflutninga sem fóru um völlinn frá nóvember og fram mars. Önnur braut vallarins varð fyrir nokkrum skemmdum vegna þessa en eftir lagfæringar Tryggva og hans manna er brautin umtalsvert betri. Þá er verið að laga tjarnir á 2. og 5. braut en rigningar í haustr komu í veg fyrir að hægt væri að ljúka verkinu sem verður klárað næsta vor. Stígar hafa verið lagfærðir og nú er svo komið að allar par 3 holar eru með varanlegan stíg og golfbílar þurfa því aldrei að víkja af þeim. Öll þessi verkefni og lagfæringar leystu vallarstarfsmenn vel af hendi með vönduðum vinnubrögðum. Þá var átak gert í að endurnýja tækjakost klúbbsins.

Vinavellir eru þei sömu og árið áður og hefur spiluðum hringjum fjölgæð nokkuð á milli ára.

Oddur er þáttakandi í starfi Golfsambands Íslands en stefna þess hefur verið að beina meiri athygli að hinum almenna kylfingi. Ingi Þór fagnaði því að félagi klúbbsins, Haukur Örn Birgisson, var kjörinn forseti golfsambandsins á ný til tveggja ára auk þess sem hann hefði nýverið verið kjörinn í stjórn evrópska golfsambandsins. Ingi Þór færði fyrir hönd stjórnar Herði Þorsteinssyni, framkvæmdastjóra GSÍ, sem senn lætur af störfum þakkir gott starf og framlag til framgangs golfs á Íslandi.

Ingi Þór gerði grein fyrir samstarfi við landeigendur sem ekki fór vel af stað vegna efnisflutninga yfir völlinn. Ekki hafði verið gengið frá samningum áður en framkvæmdir hófust en sættir tókust milli aðila hvernig yrði staðið að lagfæringum. Er völlurinn nú síst í lakara

standi en áður. Lofað hefur verið að engir flutningar verði í gegnum völlinn í vetur. Brýnasta verkefnið er nú að fá byggt geymsluhús fyrir tæki. Gámar sem undanfarið hafa verið notaðir til geymslu eru alls ófullnægjandi. Hugmyndir hafa verið lagðar fyrir landeigendur að byggt verði 200 fm stálgrindarhús. Önnur verkefni sem klúbburinn heldur á lofti við landeigendur er bygging nýrra framteiga á 10. og 14. braut.

Þá eru spennandi tímar framundan vegna vinnu við framtíðarskipulag Garðabæjar 2016 – 2030. Það er fagnaðarefnir að landeigendur hafa sýnt staðkun Urriðavallar um 9 holur í fullgildan 27 holu golfvöll mikinn áhuga og hafa í því skyni kostað gerð deiliskipulags sem leggja má inn í aðalskipulag Garðabæjar. Viðskiptaáætlanir hafa leitt í ljós að 27 holu golfvöllur er hagkvæmari kostur og skapar því rekstrinum meiri og betri tækifæri. Einnig eru uppi hugmyndir hvernig nota megi svæðið til betri útvistar með því að tengja saman ólíka þætti. Ingi Þór hvatti fundarmenn og þá sérstaklega Garðbæinga að sýna verkefninu áhuga með jákvæðu hugarfari.

Ingi Þór greindi frá stærsta verkefni komandi árs sem er Evrópumót kvennalandsliða áhugamanna í golfi. Mótið er mikil viðurkenning fyrir Odd enda eitt stærsta verkefnið sem golfsambandið hefur tekið að sér. Von er á 15 – 20 landsliðum. Mótið kallað á úrræði af hálfu klúbbsins því félagsmenn þurfa að víkja til hliðar í viku eða svo og vonaðist Ingi Þór til að félagsmenn leggi verkefninu lið. Leitast verður við að auðvelda félagsmönum að spila á öðrum völlum meðan á mótinu stendur og einnig er ljóst að það þurfi að færa meistaramótið eitthvað til.

Ingi Þór lauk máli sínu með þökkum stjórnar til starfsmanna fyrir vel unnin störf sem og sjálfbóðaliðum fyrir að efla starfið á liðnu ári.

Fundarstjóri þakkaði formanni fyrir greinargóða skýrslu og tilkynnti jafnframt að orðið yfir gefið laust samhliða um skýrslu stjórnar og endurskoðaða reikninga.

3. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram til samþykktar

Einar Geir Jónsson gjaldkeri tók til mál og kynnti reikninga klúbbsins, en vísaði jafnframt í ársskýrluna (sem lá frammi) þar sem sjá má nánari sundurliðun og skýringar við einstaka liði. Einar Geir fjallaði um helstu tölur og samanburð við síðasta ár.

Einar Geir fór yfir rekstrarreikning klúbbsins og rakti sundurliðanir reikningsins. Nefndi hann m.a. að félagsgjöld hefðu orðið um einni og hálfri milljón lægri en áætlað var. Hins vegar hefðu vallartekjur orðið meiri en áætlun sagði til um, bæði hvað varðaði tekjur af Urriðavelli og Ljúflungi. Þá voru styrkir meiri en áætlað var. Niðurstaða rekstrartekna er tæplega 4,5 milljónir hærri en áætlað var.

Í yfirferð sinni yfir rekstrargjöld nefndi Einar Geir m.a. að. Í heild sinni hefðu rekstrargjöld hækkað um 6,5 milljónir milli ára og eru kjarasamningar stærsti pósturinn í þeiri hækkun. Áætlun hefði gert ráð fyrir 2,5% hækku en raunin varð 7% og því hefði kostnaður vegna nýrra kjarasamninga verið vanáætlaður. Annar kostnaður sem Einar Geir rakti var kostnaður við lagfæringar vegna efnisflutninga utan vegar sem hefðu numið um 7 milljónum, kostnað við framkvæmdastjóraskipti, endurbætur í eldhúsi og rekstur véla og tækja. Þá hefði kostnaður vegna æfingaaðstöðu í Kauptúni hækkað og vakti Einar Geir athygli á því að mismunur milli áætlunar um kostnað vegna Kauptúns og endanlegrar niðurstöðu skýrðist af endanlegu uppgjöri þegar lokað var í haust. Þá rakti Einar Geir að ástæða þess að kostnaður vegna tölvu- og hugbúnaðarþjónustu væri umtalsvert hærri en áætlun sagði til um væri

uppgjör vegna heimasíðu klúbbsins. Einnig minntist Einar Geir á kostnað vegna kynningarmyndbands vegna EM-kvenna næsta sumar en vonir standa til að þeim kostnaði verði náð til baka með auglýsingum. Þrátt fyrir að tap á rekstrarreikningi sé 1,7 milljón sé niðurstaðan ásættanleg.

Efnahagsreikningur.

Eigið fé hefur lækkað en stefnan er sú að það hækki þar sem sú lækkun sem orðið hefur milli ára sé ekki ásættanleg.

Áður en orðið var gefið laust um skýrslu stjórnar og/eða reikninga félagsins nefndi fundarstjóri tvö atriði varðandi kostnaðinn vegna EM. Hann sagðist hlakka til EM, þetta sé stærsti viðburður sem golfsambandið hefur staðið fyrir og Oddur myndi án efa standa einstaklega vel að mótinu. Þá hrósaði hann klúbbnum fyrir að hafa tekið á breytingum á teigum með röggsemi og hversu vel sú breyting hafi verið gerð. Fundarstjóri var sannfærður um að allir golfklúbbar landsins verði búin að breyta teigmerkingum sínum innan næstu 5 ár.

Einar Ólafsson spurði um kostnað vegna æfingabolta, hvort það hafi ekki verið styrktaraðilar sem gáfu boltana. Þá sagðist hann hafa vonast til þess að vallartekjur hefðu orðið hærri en raun varð. Nefndi hann þá ástæðu að Ferðmálaráð áætli hversu margir erlendir kylfingar koma til landsins og út frá þeim áætlunum megi ímynda sér að klúbburinn hafi ekki fengið sinn skerf af tekjum vegna þeirra.

Þorvaldur framkvæmdastjóri sagði að kostunaraðilar hefðu vissulega komið við sögu eins og kemur fram í styrkjum fyrirtækja í reikningnum en taka yrði tillit til þess að einnig þurfi að gjaldfæra bolta. Hvað erlenda kylfinga varðar þá spiluðu 190 erlendir kylfingar hjá klúbbnum á árinu en þetta er markhópur sem klúbburinn vill sækja í og fá tekjur af.

Ágústa Arna Grétarsdóttir benti á að nú væri komin ensk útgáfa af heimasíðunni sem erlendir kylfingar gætu kynnt sér til upplýsinga.

Ingibjörg Bragadóttir spurði um í hverju bifreiðagjöldin felast.

Þorvaldur svaraði því til að fastráðir starfsmenn fá bifreiðastyrk þar sem engar almenningssamgöngur eru til vallarins og þetta sé greitt samkvæmt kjarasamningi.

Spurningar urðu ekki fleiri.

Fundarstjóri þakkaði Einari Geir fyrir að fara yfir reikninga og bar reikningana undir atkvæði fundarmanna. Reikningarnir voru samþykktir samhljóða.

4. Fjárhagsáætlun næsta árs kynnt og árgjöld ákveðin

Þorvaldur Þorsteinsson framkvæmdastjóri tók til máls og kynnti fjárhagsáætlun og gjöld næsta árs.

Fjárhagsáætlun komandi árs ber keim af EM-kvenna næsta sumar en stefnan er að vinna upp tap þessa árs á næsta ári. Það er ljóst að stórt ár er framundan, m.a. vegna hitaveituframkvæmda sem standa fyrir dyrum.

Í fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir um 168 milljónum í rekstrarartekjur en um 166 milljónum í rekstrargjöld og því gæti niðurstaðan orðið um 1,8 milljón í hagnað.

Þorvaldur gerði grein fyrir ýmsum rekstrargjöldum sem klúbburinn stendur frammi fyrir á komandi ári. Meðal þess sem Þorvaldur minntist á er að endurnýja þarf mottur á æfingasvæði þar sem margar eru komnar til ára sinna og ýmsir samningar eru komnir á tíma og þarf að endurnýja.

Stóra óvissan í rekstraráætluninni er EM-kvenna en erfitt er að negla niður þá styrki sem veittir kunna að verða vegna mótsins. Sótt hafi verið um styrk frá menntamálaráðuneyti og Garðabæ og óskað verður eftir styrkjum frá ýmsum fyrirtækjum. Margvíslegur kostnaður mun falla til vegna mótsins, t.d. þarf að hafa lækni og hjúkrunarfræðing tiltæka, golfbílar verða að vera til reiðu, akstur keppenda, opnunarathöfn og lokahóf svo eitthvað sé nefnt, en gera má ráð fyrir að um verði að ræða 15 – 20 kostnaðarliði vegna mótsins. Nákvæm kostnaðaráætlun mun ekki liggja fyrir fyrr en í febrúar – mars og því enn töluverð óvissa en hvað sem því líður þá verður allt kappkostað til þess að ekki verði tap af mótinu.

Að öðru leyti verða rekstrargjöld áþekk. Gert er ráð fyrir stjórnunarkostnaður lækki og þá aðallega tölву- og hugbúnaðarþjónusta svo og auglýsingakostnaður

Þorvaldur fór yfir tillögu að félagsgjöldum – en gerði stuttlega áður samanburð við félagsgjöld annarra klúbba.

	Tillaga 2016	2015
Einstaklingar 20 – 67 ára	103.000	98.500
Einstaklingar 67 ára og eldri	75.000	70.500
Börn og unglings að 20 ára aldri	31.000	30.000
Systkinaafsláttur:		
Tvö systkini	42.000	40.000
þrjú systkini	53.000	50.000
Fjögur systkini	64.000	60.000
Inngöngugjald	15.000	12.000

Áður en fundarstjóri gaf orðið laust varðandi félagsgjöldin vakti hann athygli á að ruglingur hefði orðið á uppröðun dagskráliða aðalfundarins þar sem samkvæmt 18. gr. laga klúbbsins eigi að fjalla um afgreiðslu tillagna til lagabreytinga á undan dagskráliðnum um árgjöld og önnur gjöld fyrir næsta starfsár. Fundarstjóri bar upp hvort fundarmenn gerðu nokkrar athugasemdir við þennan rugling sem enginn gerði.

Þá vakti fundarstjóri athygli á að samkvæmt lögum klúbbsins er fjárhagsáætlunin lögð fram til kynningar en hefðin væri hins vegar sú að aðalfundur hefði alltaf kosið um breytingar á félagsgjöldum.

Þá gaf fundarstjóri orðið laust.

Ingi Þór formaður tók til máls og greindi frá því að gert væri ráð fyrir kostnaði upp á 12 milljónir vegna EM-kvenna. Sótt hefði verið um styrk frá Garðabæ og lagt hefði verið inn erindi til menntamálaráðuneytisins auk þess sem vænst er að fyrirtæki muni taka styrkjarbeiðnum með jákvæðum huga. Þá fjallað Ingi Þór einnig um hugmyndafræði og rök fyrir aldursskiptingu félagsgjalda. Þetta þurfi hins vegar að vera í skoðun á hverjum tíma þar sem ekkert lögmál gildir í þessum efnum.

Einar Ólafsson lýsti ánægju sinni með tillögu um gjaldskrárbreytinguna og aldursdreifingu. Í sambandi við brottafell yngri kynslóðarinnar (tímbundið) nefndi hann að það væri ekkert nýtt að ungsviðið hverfi um sinn frá golfíþróttinni. Þá ræddi hann hversu mikil fjölgun kylfinga hefur verið frá aldamótum. Þá ræddi hann um skemmtanagildi golfsins, punktakerfið, teigamál og snerti á ýmsu öðru eins og lengd 10 og 15 brautar. Endaði hann mál sitt með því að hvetja til að auka gleðina við ástund golfíþróttarinnar þá aukast að sama skapi tekjur klúbbsins.

Valdimar Júlíusson sagði tvennt koma upp í hugann varðandi fjárhagsáætlunina en það væri að alltaf væri áætlunin miðuð við að rekstur slyppi fyrir horn við núllið. Hann spurði af hverju hækkun félagsgjalda væri svona lítil. Betra væri að leggja af stað með meira þar sem svo lítið borð sé fyrir báru, starfsmenn megi ekki veikjast o.fl. til að áætlunin riðlist. Þá minntist hann á hversu leiðinleg sú umræðan sé að gamla fólkið sé að þvælast fyrir. Menn ættu að muna að gamla fólkið er búið að borga lengur til klúbbsins en þeir sem yngri eru og leggja sitt af mörkum til klúbbsins.

Umræður urðu ekki meiri og bar fundarstjóri upp tillögu að félagsgjöldum og var hún samþykkt með miklum meirihluta en einn fundarmanna var á móti.

5. Umræður og atkvæðagreiðsla um tillögur og lagabreytingar löglega fram bornar (átti að vera liður nr. 4)

Ekki hafa borist neinar tillögur um lagabreytingar fyrir fundinn og því var þessi liður ekki ræddur frekar.

6. Kosning stjórnar- og varamanna í stjórn

Áður en tillaga uppstillingarnefndar um stjórnarmenn var kynnt gerði fundarstjóri að umtalsefni að samkvæmt lögum félagsins skal stjórn félagsins skipuð 5 mönnum sem kosnir eru á aðalfundi. Formann félagsins skal kjósa til eins árs í senn og aðra stjórnarmenn til tveggja ára, þannig að tveir þeirra eru í kjöri annað hvert ár. Auk þess skal kjósa varamann til eins árs. Nú háttar svo til að Þorvaldur Þorsteinsson, sem kosinn var til tveggja ára á síðasta aðalfundi, sagði sig úr stjórn í vor og sæti hans í stjórn tók varamaður. Til að uppfylla skilyrði laga félagsins lagði uppstillingarnefnd því til að kjósa einn stjórnarmann til eins árs auk tveggja stjórnarmanna til tveggja ára.

Fundarstjóri telur að tillaga uppstillingarnefndar um að kjósa einn af stjórnarmönnunum til eins árs sé í andstöðu við lög klúbbsins og aðalfundur hafi ekki heimild til að víkja lögum félagsins til hliðar heldur beri að kjósa aðalmenn stjórnar til tveggja ára. Til að laga skekkjuna að allir stjórnarmenn séu ekki allir kosnir í einu þá verði á næsta ári kosið um einn aðalmann, en til þess að það megi þá þarf væntanlega að leggja inn tillögu um breytingu á lögum klúbbsins, a.m.k. til bráðabirgða.

Nokkrar umræður urðu um málið og var Eiríkur Ó Einarsson ósammála fundarstjóra þar sem um væri að ræða kosningu á aðalmanni í stað aðalmanns og því væri verið að flækja mál óþarflega. Þessu var fundarstjóri ósammála þar sem löginn séu skýr og það verði að kjósa samkvæmt lögunum.

Valdimar Júlíusson tók einnig til máls og sagði löginn skýr og á næsta ári yrði þá að gera það sem þyrfti að gera til að laga skekkjuna. Laufey Þorvaldsdóttir spurðist fyrir um hver Þorvaldur Ólafsson væri og stóð hann upp.

Samþykkt var tillaga fundarstjóra að ekki yrði vikið frá lögum klúbbsins og almennir stjórnarmenn því kosnir til tveggja ára.

Fundarstjóri gerði þá rein fyrir tillögu uppstillingarnefndar um stjórnarmenn en allir stjórnarmenn sem eru í kjöri hafa áhuga fyrir áframhaldandi stjórnarsetu.

Uppstillingarnefnd sem skipuð var af stjórn félagsins og í sitja Gunnar Viðar, Sigurður Ingi Halldórsson og Guðmundína Ragnarsdóttir, gerði eftirfarandi tillögu um stjórnarmenn:

Ingi Þór Hermannsson verði kjörinn formaður

Einar Geir Jónsson verði kjörinn stjórnarmaður

Ágústa Arna Grétarsdóttir verði kjörinn stjórnarmaður

Savar Geir Svavarsson verði kjörinn stjórnarmaður

Þorvaldur Ólafsson verði kjörinn varamaður

Engar athugasemdir voru gerðar um tillögu um formann og var Ingi Þór Hermannsson kjörinn formaður.

Þá bar fundarstjóri upp tillögu um kosningu þriggja meðstjórnenda til tveggja ára og voru Einar Geir Jónsson, Ágústa Arna Grétarsdóttir og Savar Geir Svavarsson rétt kjörin. Varamaður til eins árs var kjörinn Þorvaldur Ólafsson.

7. Kosning tveggja skoðunarmanna og eins til vara

Tveir skoðunarmenn og einn til vara skulu kjörnir til eins árs samkvæmt lögum félagsins. Tillaga var gerð um óbreytta skipan, þá Davíð Einarsson og Helga F. Arnarson og til vara Ásbjörn Björnsson og var hún samþykkt.

8. Önnur mál

Undir þessum lið komu fram eftirfarandi spurningar og athugasemdir:

Valdimar Júlíusson spurði stjórnina og fundinn almennt hvort ekki sé eðlilegt þegar verið sé að teppa völlinn með mótaðaldi á borð við EM-kvenna að kanna meðal klúbbfélaga hvort þeir séu sammála um slíkt mótsaldi.

Ingi Þór svaraði því til að ákvörðun um mótsaldið hefði verið tekin af stjórninni í heild sinni. Klúbburinn sé í samstarfi við golfsambandið og hafi áður haldið móti í slíku samstarfi. Það sé

eðlilegt og skynsamlegt að taka að sér slíkt verkefni. Einungis vika sé frátekin fyrir mótið og það sé eðlilegt að mótinu taka opnum örmum.

Árni Geir tók til máls og spurði hvort ekki þurfi að breyta tillögu með varamann í stjórn, hvort ekki þurfi að fjlöga varamönnum. Hann lagði til að stjórnin undirbyggi tillögu til breytingar á lögunum. Hann velti jafnfram fyrir sér af hverju fleiri séu ekki í kjöri og spurði hvort auglýst sé eftir stjórnarmönnum. Árni Geir tók sérstaklega fram að ekki væri hann að gera athugasemdir við kosna stjórnarmenn.

Í svörum Inga Þórs kom fram að þetta væru ágætir punktar og að stjórn tæki til skoðunar fjölda stjórnarmanna. Hann fjallaði einnig um hlutverk uppstillinganefnda. Uppstillingarnefnd kalli eftir framboðum en sjálfsagt sé að meta og skoða þetta fyrirkomulag og gera þá viðeigandi tillögur til lagabreytinga. Ingi Þór vakti athygli á að það sé ekkert sem hindri það að menn bjóði sig fram á aðalfundi, tillögur uppstillinganefndar séu ekki heilagar

Valdimar Júlíusson tók til máls og sagði það heiður að EM-kvenna skyldi haldið á Urriðavelli en spurði hvort ekki væri rétt hjá honum skilið að klúbbfélagar njóti sérkjara á öðrum völlum meðan það stæði yfir.

Fundarstjóri svaraði þessu til að innan golfsambandsins séu reglur um að þá gefist afsláttur en uppi séu hugmyndir um að ganga lengra, þ.e. að þeir golfklúbbar sem bjóði upp á sérkjör meðan á móti stendur opni jafnframt fyrir skráningu rástíma eins og félagsmenn viðkomandi klúbbs njóta og einnig hugmynd um að utanklúbbsmenn geti leikið frítt. Breiður vilji sé til að auka samstarf milli klúbba hvað þetta varðar.

Þá minntist Valdimar á heimasiðu Odds, það vantar myndir af stjórn og formönnun nefnda og jafnvel nefndarmönnum. Stjórnarmenn tóku undir að úr því mætti bæta.

Ekkert frekar kom fram undir liðnum önnur mál.

Fundarstjóri gaf þá nýkjörnum formanni Inga Þór Hermannssyni orðið.

Ingi Þór þakkaði fundarstjóra og fundarritara fyrir störfin á fundinum. Hann þakkaði traustið fyrir hönd stjórnar og einnig starfsmönnum fyrir vel unnin störf. Hann sagði árið sem væri að líða hafi verið frábært og vonast til að árið sem framundan er verði ekki síðra. Framundan séu stór verkefni og stjórnin muni gera sitt til að félagsmenn geti leikið aðra velli meðan EM-kvenna standi yfir. Hann hvatti jafnframt klúbbmeðlimi til að leggja málinu lið.

Hann þakkaði fundarmönnum komuna og óskaði þeim og fjölskyldum þeirra gleðilegra jóla.

Fundi var slitið kl. 21.45.

Haukur Örn Birgisson

Fundarstjóri

Sigríður Logadóttir

Fundarritari